

# Fjallamennskunám í FAS haustið 2015

## Hefurðu spáð í það?

Í nýju skipulagi fjallamennskunámsins er ekki lengur miðað við lágmarksaldur 18 ár. Allir sem hafa áhuga og tíma geta því byrjað nú á haustönn í áfanganum FJAL1AA12 ef þeir hafa nægan áhuga og tíma.

Námið er sett niður í 4 námsþætti. Ekki er hægt að velja bara einn þeirra.

**Fjallamennskunámið (60 einingar) er hægt að nýta sem sérhæfingu og línu á kjörnámsbraut til stúdentsprófs.**

### **Námsþáttur 1: Gönguferð1 – Fararstjóri og kennari: Hörður Míó Ólafsson**

Fim. 3. sept. Hópurinn hittist kl. 13:00 og undirbýr Gönguferð 1 með fararstjóranum. Fös. 4. sept. – Sun. 6. sept. Farið í Gönguferð 1. Gist í tjaldi 2 nætur. Komið heim á sunnudegi.

(Skólinn á tjöld. Nemendur koma með svefnpoka, nesti, útvistarfatnað, prímus og annað sem þarf.)

### **Námsþáttur 2: Ankeri og sig + klettklifur við Hnappavelli - Kennari: Hörður Míó Mið.**

16. sept. Mæting í FAS. Æfð notkun á ankeri og öðrum búnaði til að síga í kletta. Fim. 17. sept. Mæting í FAS. Haldið áfram að æfa notkun á sigbúnaði.

Fös. 18. sept. Farið í Hnappavallahamra í Öræfum til að síga og klifra. Gist þar.

Lau. 19. sept. Haldið áfram í Hnappavallahömrum.

Sun. 20. sept. Lokadagur í Hnappavallahömrum og heimferð.

### **Námsþáttur 3: Ferðir á eigin vegum – Umsjón: Hörður Míó Ólafsson**

September – desember. Ferðir á eigin vegum. Nemendur fara í 4 dagsferðir á heimaslöðum (ein ferð í mánuði). Hægt að taka þátt í ferðum á vegum ferðaklúbba eins og Ferðafélags Austur-Skaftafelssýslu. Nánari upplýsingar veitir Hörður Míó þegar Gönguferð 1 verður farin með honum.

### **Námsþáttur 4: Heimsóknir í ferðapjónustufyrirtæki: Umsjón: Þiðrik Emilsson.**

September – desember. Nemendur heimsækja 15 fyrirtæki, stofnanir eða félög á heimaslöðum sem starfa í ferðapjónustu (um það bil ein heimsókn á viku). Nemendur fræðast um starfsemi viðkomandi aðila og skila stutttri skýrslu um hverja heimsókn til Þiðriks. Í lok annar skila nemendur greinargerð (ritgerð) um heimsóknirnar á önninni og lýsa því hvað þeir telja markverðast / áhugaverðast af því sem þeir sáu og leggja mat sitt á það sem hugsanlega vantar í þjónstuna í dag.

Áfanginn FJAL1AA12 er 12 eininga áfangi.

Sérhæfing á fjallamennskubraut er alls 60 einingar (tekin á 4 önnum) og hægt að nýta hana sem sérhæfingu og línu á kjörnámsbraut til stúdentsprófs.

**Það verður hægt að komast í ferðirnar á önninni þó þær stangist á við aðra kennslu. Leiðin er sú að nemendur semja við kennara sína um O-skráningu (opna mætingu) í INNU í þeim greinum sem verða í árekstri þá daga sem þarf.**

**Ef þú hefur áhuga á spennandi útvistarnámi þá er enn tækifæri til að skrá sig. Hafðu samband við Eyjólf eða Zophonías.**